

6. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga á þeim hluta barnabóta, sem ráðstafað er til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds ársins 1984 eða fyrri ára, skulu falla á fimm gjalddaga, sem eru 20. ágúst, 20. sept., 20. okt., 20. nóv., og 20. des. 1984 og vera sem næst fimmtí hluti hverju sinni af upphaflegri fjárhæð. Fari svo að álagning í einhverjum umdæmum dragist svo lengi að greiðslu verði ekki við komið í ágústmánuði skulu sveitarfélögum í þeim umdæmum greiddir tveir fimmtu hlutar upphaflegrar fjárhæðar í september.

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t.d. 1—2) skal heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr., og haga greiðslu sem mest í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um tollmeðferð á umslögum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að það hefur ákveðið að nota heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum og fella niður toll af umslögum sem flokkast undir tnr. 48.14.01 og 48.14.02 í 1. gr. tollskrárlaga. Niðurfelling tolls samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar gildir frá og með 1. júní 1984 og er bundin því skilyrði að vörur þessar verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni.

Tollur af nefndum vörum sem upprunnar eru á Spáni í skilningi ákvæða auglýsingar nr. 267/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar, sbr. auglýsingu nr. 384/1980, lækkar frá sama tíma í 12% af vörum í tnr. 48.14.01 en 20% af vörum í tnr. 48.14.02.

Við tollmeðferð á nefndum vörum skal greiða 3% jöfnunargjald, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1980 um jöfnunargjald og 30% sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1984.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.